

# 1. fundur framkvæmdaráðs Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja

Haldinn að Austurvegi 56 Selfossi, 10. janúar 2007, klukkan 14:00

Mætt voru:

Friðrik Pálsson, Snorri Finnlaugsson, Elvar K Valsson, Hörður Sigurgestsson og Jóna Sigurbjartsdóttir. Elliði Vignisson var í símasambandi.

Einnig voru mætt:

Róbert Jónsson, Steingerður Hreinsdóttir og Hrafn Sævaldsson frá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands (verktaki samningsins) sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

## 1. Setning fundar

Formaður setti fund

## 2. Gögn kynnt

Drög að Áfangaskýrslu 1 voru kynnt. Umræður sköpuðust um íbúáþróun á svæðinu, þá sérstaklega á jaðarsvæðum.

## 3. Framkvæmd

Verktaki kynnti framkvæmdahlið samningsins og aðkomu einstakra aðila. Gert er ráð fyrir að verkefnið byggist á 5 helstu verkþáttum, sem eru:

1. Klasar, ráðgjöf og fræðsla
2. Klasar, uppbygging
3. Mat á samkeppnishæfni svæðisins
4. Framkvæmd tillagna iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins
5. Árangursmæling

Samþykkt að Iðntæknistofnun og verktaki vinni aðgerða- og fjárhagsáætlun fyrir verkþátt 1 og 2.

## 4. Staða verkefna sem skilgreind eru í skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, apríl 2006

Farið var yfir núverandi stöðu verkefna ásamt undirverkefnum í tillögunum og þau kynnt.

Samþykkt var að koma á verkefni sem fyrst í Skaftárhreppi, tengt menningartengdri ferðaþjónustu í kringum Klaustur. Verkefni úr skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins frá 2006 sem tengjast þessari samþykkt, eru verkefni númer: 3, 15, 16, 18 og undirtillaga verkefnis 10, Vatnajökuls-þjóðgarður – Gestastofa á Kirkjubæjarklaustri. Jóna og Róbert, munu vinna að frekari framgangi verkefna í Skaftárhreppi.

Elliði kynnti sínar hugmyndir um forgangsverkefni í Vestmannaeyjum. Samþykkt var að Elliði og Hrafn vinni að frekari mótun á verkefninu, Efling Rannsóknna og fræðastarfs í Vestmannaeyjum, sem er verkefni nr. 2 í skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, apríl 2006.

Samþykkt var að óska eftir sameiginlegum hugmyndum frá Ferðamálasamtökum Suðurlands og South Iceland ehf., um aðkomu Vaxtarsamningsins að ferðamálum á Suðurlandi. Róbert og Friðrik vinna að framgangi þessarar samþykktar.

Samþykkt var að óska eftir hugmyndum frá Ásborgu Arnþórsdóttur, ferðamálafulltrúa uppsveita Árnessýslu, um forgangsverkefni í ferðamálum á starfssvæði hennar. Verkefni úr skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins frá 2006 sem tengjast þessari samþykkt, eru verkefni númer: 12, 13 og undirtillaga verkefnis 8, Kónsvegur 1907 – 2007. Verktaki mun senda fyrirspurn til Ásborgar.

Samþykkt var að óska eftir hugmyndum frá SASS um tilhögun sameiginlegs samstarfs safna á Suðurlandi. Verkefni úr skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins frá 2006 sem tengjast þessari samþykkt, eru verkefni númer: 14, 17 og 11, ásamt undirtillögum verkefnis 11. Jóna og Elliði munu fylgja þessari samþykkt eftir.

Samþykkt var að Elliði og Hrafn kanni möguleika á því, að koma á ráðstefnu um sjárvarútvegsmál í Vestmannaeyjum, í tengslum við samstarf í matvælaframleiðslu og sjávarútvegi.

Samþykkt var að óska eftir hugmyndum frá Félagi hrossabænda á Suðurlandi og hestamannafélögum á Suðurlandi um ný verkefni inn í Vaxtarsamninginn. Snorri vinnur að framgangi þeirrar samþykktar.

## **5. Kynning á efni fundarins**

Samþykkt var að senda út fréttatilkynningu til fjölmiðla um efni fundarins. Verktaki mun senda út fréttatilkynninguna.

## **6. Óformleg erindi**

Formaður kynnti erindi sem honum hafði borist, um nýtt verkefni sem fallið gæti að Vaxtarsamningnum.

## **7. Laun framkvæmdastjórnar**

Verktaki kynnti tilhögun um greiðslur í tengslum við fundasetu framkvæmdaráðs.

## **8. Heimasíða Vaxtarsamningsins**

Verktaki kynnti tilhögun um heimasíðu fyrir Vaxtarsamninginn og kostnað vegna hennar, þ.e. stofn- og rekstrarkostnað. Stjórn samþykkti kostnaðaráætlun. Verktaki mun fylgja málinu eftir.

## **Næsti fundur framkvæmdaráðs og aðalstjórnar**

Næsti fundur í framkvæmdaráði Vaxtarsamningsins er fyrirhugaður, miðvikudaginn **31. janúar 2007 klukkan 14:00 að Austurvegi 56 á Selfossi.**

Næsti fundur í aðalstjórn Vaxtarsamningsins er fyrirhugaður, miðvikudaginn **7. febrúar 2007, klukkan 14:00 á Selfossi**

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:30

Hrafn Sævaldsson